


✉ Re: 1912201 -Óskað er eftir umsögn umsagnaraðila vegna skipulagsmála í Garðabæ, forkynning.

Búið til	25.4.2022 16:36:52
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.4.2022 16:36:50
Tilheyrir	 202203-0064 - Umsögn vegna skipulagsmála í Garðabæ, forkynning.

Efni

Re: 1912201 -Óskað er eftir umsögn umsagnaraðila vegna skipulagsmála í Garðabæ, forkynning.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.4.2022 16:36:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	annamg@gardabaer.is, skipulag@gardabaer.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Með kveðju,

Tilvísun í mál nr. 202203-0064 (SS).

Vísað er til bréfs frá skipulagsstjóra Garðabæjar, dags. 31. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um eftirfarandi skipulagsmál í Garðabæ:

- Tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar.
- Tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum.
- Tillögu að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðhrauni.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um þessi skipulagsmál á fyrri stigum. Umsögn um skipulagslýsingu fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem fjallaði um áætlaðar breytingar á stígakerfi í upplandi Garðabæjar, útivistarsvæði í Urriðakotsdölum og fyrirhugaða friðlýsingu í Urriðakotshrauni var veitt þann 27. nóvember 2020. Þann 8. nóvember 2021 var veitt umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Vífilsstaðhrauns, Maríuhella og Vatnsmýrar sem var uppfærð lýsing fyrir fyrirhugaða friðlýsingu. Vísað er í þessar fyrri umsagnir eins og við á hér.

- Breyting á Aðalskipulagi

Aðalskipulagsbreytingin fjallar um endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar. Stærsta breytingin varðar það að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi og Elliðavatnsvegi leggst af en nýr reiðstígur mun liggja úr Grunnvatnaskarði um Ljós kollulág og niður Vífilsstaðahlíð og tengjast reiðstíg í Urriðakotshrauni. Einnig mun nýr göngustígur liggja frá Grunnvatnaskarði niður Vífilsstaðahlíð. Nýjum reiðstíg sérstaklega mun fylgja rask á óröskuðu svæði en gróðurlendi sem verður fyrir því raski er ekki með hátt verndargildi og er að stórum hluta til lúpína. Þá er fjallað um breytingu á Flóttamannavegi þar sem veglína færir norður skammt norðan við Maríuhella og inn í Vífillstaðahraunið. Þessi framkvæmd bætir mjög öryggi vegarins en ljóst er að henni mun fylgja eitthvað rask á hrauninu sem er verndað.

- Deiliskipulag í Urriðavatnsdölum

Deiliskipulag útivistarsvæðisins í Urriðavatnsdölum fjallar einkum um stækkun Urriðavallar um níu holur, nýjum útivistarstígum og samhliða því friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs, en sú friðlýsing er í undirbúningi hjá Umhverfisstofnun. Náttúrufræðistofnun vann skýrslu um verndargildi náttúruminja á svæðinu árið 2016 (Kristján Jónasson og Ásrún Elmarsdóttir - <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2016/NI-16005.pdf>) (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2016/NI-16005.pdf>). Þar kemur fram að verndargildið byggist að mestu leyti á hrauninu en hraun teljast fágætar jarðmyndanir og landslagsform á heimsvísu og því með hátt verndargildi. Það fellur einnig undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Gróðurfar svæðisins er hluti af landslagsheild hraunsins þótt ekki finnst þar sjaldgæfar eða friðlýstar plöntutegundir. Í skýrslunni var lagt til að ef farið yrði í framkvæmdir á svæðinu þá þyrfti að leggja áherslu á að raska hrauninu sem minnst og að vernda og viðhalda náttúrulegu gróðurfari og yfirbragði svæðisins.

Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að stefnt sé að því að leggja fjórar golfbrautir inni í Urriðakotshrauni en auk þess verður nýjum brautum bætt við sunnan við núverandi völl í Litla-Tjarnholt en það er utan við hraunið og mörk verðandi fólkvangs. Fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að við hönnun nýrra brauta verði hugað að því að hraundrangar og náttúrulegur gróður geti „stungið sér upp úr snöggslegnu grasinu og sérstæðum jarðmyndunum leyft að njóta sín“. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að stefna að því að hraundrangar og aðrar jarðmyndanir séu staðsettar utan vallar en ljóst er að framkvæmd hvernar brautar felur í sér töluvert jarðvegs- og gróðurrask þar sem leggja þarf fyllingu ofan á fyrirbyggjandi land. Miðað við mynd 27 virðist sem eitthvað af hraunmyndunum lendi inni á miðri braut. Það gæti reynst erfitt að hlífa þeim jarðmyndunum við raski og álagi. Þá er gert ráð fyrir nýjum stofnstíg milli golfvallarins í gegnum hraunið í átt að Vífilsstaðahlíð sem og minni útivistarstíg sem liggur frá norðri til suðurs um fólkvanginn miðjan.

Í gróðurdældunum eru framandi trjátegundir nokkuð ríkjandi og jákvætt að dregið verður úr útbreiðslu þeirra innan hraunsins en einnig er þar náttúrulegur gróður sem verður þá raskað við framkvæmd golfbrauta, stofnstígar og í minna mæli útivistarstíga. Þrátt fyrir jákvæð áhrif af því að framandi plöntutegundum verður haldið í skefjum telur Náttúrufræðistofnun að heildaráhrif á gróðurfar séu frekar óveruleg heldur en jákvæð í heild vegna rasksins sem framkvæmdirnar valda á gróðri.

Áhrif á landslag eru sömuleiðis metin jákvæð í umhverfismati tillögunnar. Náttúrufræðistofnun telur að eðlilegra væri að meta þau áhrif neikvæð eða óveruleg því þótt aðgengi til útivistar inn í Urriðakotshraun muni batna vegna áætlaðra framkvæmda og þar með aðgengi að nálægð við hraunalandslag með tilheyrandi upplifunargildi, þá verður mikil ásýndarbreyting með tilkomu golfbrauta inni í hrauni sem deila má um hvort sé neikvæð eður ei. Hönnun og útfærslur skipta höfuðmáli við að draga úr landslagsáhrifum einkum úr nálægð.

Unnið er að friðlýsingu fólkvangsins í Urriðakotshrauni samhliða vinnu við deiliskipulag. Því má áætla að markmið og friðlýsingarskilmálar muni falla að þeim áformum sem deiliskipulagstillagan fjallar um. Það er vissulega nýmæli að golfbrautum sé komið fyrir innan fólkvangs og ljóst að vanda þarf mjög til verka við alla hönnun og framkvæmdir til að markmið um verndun jarðmyndana verði ekki stefnt í tvísýnu. Þá getur útivistargildi svæðisins í heild verið skert að hluta ef golfiðkun truflar aðra útivist eða öfugt en ekki fer alltaf saman mikil návist gangandi og hjólandi við golfvelli. Jákvætt er að stefnt sé að því að hætta frekari skógrækt innan fólkvangsins og grísa framandi trjátegundir þannig að hraunjaðarinn sé sýnilegri.

- Deiliskipulag í Vífilsstaðahrauni

Deiliskipulag fólkvangsins í Vífilsstaðahrauni miðast við áherslu á samspil náttúruverndar og útivistar. Framkvæmdir sem veitt er heimild fyrir í deiliskipulaginu eru nýir stígar fyrir umferð gangandi og hjólandi, upplýsingaskilti, áningarstaður við Maríuhella og fuglaskoðunaraðstaða við Vatnsmýrina. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Vífilsstaðahrauns, Maríuhella og Vatnsmýrar kom fram að stofninin teldi mesta hættu á að áætlaður göngu- og hjólastígur austan við Reykjanesbraut gæti ógnað hraunmyndunum. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er áætluð lega þessa stígar nokkuð frá Reykjanesbraut og liggur því að nær öllu leiti um óraskað hraun. Að mati Náttúrufræðistofnunar mun framkvæmd þessa stígar fylgja umtalsvert rask á hrauninu sem stefnt er að því að vernda með friðlýsingunni. Hjólastígar hafa þegar valdið raski á tveimur stöðum í hrauninu vestan megin við Reykjanesbraut og hér bætist einn við. Erfitt er að sjá hvernig slíkt rask fer saman með markmiðum friðlýsingarinnar um að vernda jarðmyndanir. Göngu- og hjólastígur mun koma í stað reiðleiðar austan til í hrauninu. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði mátt meta hvort sá stígur myndi duga til að tengja saman Urriðaholtið við Vífilsstaði ásamt því stígakerfi sem er til staðar vestan Reykjanesbrautar og þannig hlífa hrauninu við frekari raski en hraunið hefur hátt verndargildi og fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Anna María Guðmundsdóttir" <annamg@gardabaer.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 1912201 -Óskað er eftir umsögn umsagnaraðila vegna skipulagsmála í Garðabæ, forkynning.

Date: 31.3.2022 14:09:59

Góðan daginn

Meðfylgjandi er ósk um umsögn umsagnaraðila vegna skipulagsmála í Garðabæ, forkynning.

Vil ég benda á auglýsingu á netinu sjá neðan greint.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/uppland-gardabaejar-urridakotsdalir-og-vifilsstadahraun> (<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/uppland-gardabaejar-urridakotsdalir-og-vifilsstadahraun>)

Með kveðju

Anna María Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri tæknideildar Garðabæjar

525-8505

annamg@gardabaer.is (mailto:annamg@gardabaer.is)



Ráðhúsið við Garðatorg 210 Garðabær sími 525 8500 www.gardabaer.is

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

Viðhengi

image001.png (5 KB)